

Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi **2**
þangað til Vjer komum heim aftur. 13. febr.

Gefið á Amalíuborg, 13. febrúar 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Konungleg auglýsing

3
16. febr.

um

að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til Svíaríkis, kunngörum Vjer hjermeð Vorum kærú og trúú þegnum, að Vjer höfum sjálfur í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer 13. þ. m. samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 30. nóv. 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gefið á Amalíuborg, 16. febrúar 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.